

Góðan daginn,


Marel birtir uppgjör þriðja ársfjórðungs mánudaginn 23. október. Eins og fram kom í síðasta uppgjöri gera stjórnendur ráð fyrir að 3F verði áfram krefjandi og að EBIT og framlegð fari að taka við sér á 4F þessa árs. Verður því fróðlegt að sjá hvort að nýjar pantanir séu farnar að taka við sér.

PMI tölur sem birtar voru á 3F gefa að hluta til misvísandi skilaboð bæði frá Evrópu og Bandaríkjunum um þróun nýrra pantana í framleiðslugeiranum og eru þær undir 50 á báðum stöðum (meira um það að neðan). Við eigum því ekki von á góðu uppgjöri nú. Við horfum fyrst og fremst til þess hvernig „book to bill“ hlutfallið þróast á fjórðungnum. Ef það helst á sömu slóðum og síðast, í sambland við lækkandi flutningskostnað, þá gefur það góð fyrirheit fyrir 4. fjórðung að okkar mati.


Greiningaraðilar gera ráð fyrir samdrætti á flestum sviðum á milli ára en töluverðum bata í hagnaði sem eflaust kemur til af minni afskriftum tengdum Wenger kaupum. Spár gera þó ráð fyrir töluverðum bata á milli fjórðunga í adj.EBIT (2F23: 33,8m, 23%br.) og framlegð (2F23: 8%, 1,8%br.).

EURm	Q3 22	Low	Mean	High	Mean YoY
Orders received	427,1	400	415,2	430	-2,8%
Revenues	450,6	418,9	422,6	430,7	-6,2%
Adj. EBIT	46,2	35,8	41,6	44,6	-10,0%
Adj. EBIT %	10,3%	8,6%	9,8%	10,6%	-0,5%
Net results	8,9	11,1	15,9	21,5	78,7%

Eins og fram kemur að ofan nefndu stjórnendur í síðasta uppgjöri að þeir gerðu ráð fyrir að frá og með 4F færi framlegðin að batna. Þrátt fyrir lækkaða afkomuspá í síðasta uppgjöri var ljósi punkturinn sá að book to bill hlutfallið var farið að taka hressilega við sér og var í kringum 1 með aukningu í nýjum pöntunum á milli fjórðunga.




Eins og fyrr segir hefur þróun PMI mælinga verið ólík eftir svæðum síðustu mánuði eins og sjá má á myndum hér að neðan. Enn eru mælingar undir 50 sem merkir samdrátt á nýjum pöntunum á milli mánaða. Þrátt fyrir það er útlit fyrir að farið sé að hægja töluvert á samdrætti vestanhafs síðustu mánuði á meðan útlitið er ekki eins gott í Evrópu. Samt sem áður má gera ráð fyrir því að farið sé að létta á kostnaðarhlíðinni út frá lækkandi flutningsverðum.



Verðlagning

Hér að neðan má sjá EV/EBIT og P/E verðlagningu á félaginu. FWD punktar á myndum miðað við spár greiningaraðila.



Bergsteinn Pálsson
bergsteinn.palsson@acro.is

Björn Óder Ólason
bjorn.oder@acro.is

Gunnar Freyr Gunnarsson
gunnar.gunnarsson@acro.is

Hannes Árdal
hannes.ardal@acro.is

Hilmir Hlér Hannesson
hilmir.hannesson@acro.is

Kristný Þorgeirsdóttir
kristny.thorgeirsdottir@acro.is

Sigurkarl Róbert Jóhannesson
sigurkarl.johannesson@acro.is

Sölvi Daníelsson
solvi.danielsson@acro.is

Þorbjörn Atli Sveinsson
thorbjorn.sveinsson@acro.is

Þórdís Erla Magnúsdóttir
thordis.erla.magnusdottir@acro.is